

Við stuðningur við tónlistarskólakennara í verkfalli:

„Ekkert annað en ferlega hallærislegt“

„Ég lýsi frati á það skilningsleysi sem virðist ríkja gagnvart tónlistarkennurum; þeirri stétt sem hlúði að okkar frábæra tónlistarfólki í æsku og á unglingsárum. Það er ekkert annað en ferlega hallærislegt að koma svona fram og ég mun minnst þessarar framkomu þegar kosið verður í næstu sveitastjórnarkosningum. Ég vona að fleiri séu sömu skoðunar,“ segir Jón Ólafsson, tónlistarmaður um verkfall tónlistarkennara.

Á þriðja hundrað kennara

Tónlistarkennarar í Félaga tónlistarkennara hafa nú verið í verkfalli í rúmar þrjár vikur og ekki sést enn til lands í samningarviðræðum þeirra við Samband sveitarfélaga. Í Hafnarfirði eru 23 tónlistarkennarar í verkfalli, og vel á annan tug í Garðabæ. Á annað þúsund nemenda stundar tónlistarnám í bæjunum tveimur. Í heildina eru samt sem áður hundruð tónlistarkennara í verkfalli á höfuðborgarsvæðinu.

Bestu sendiherrarnir

Jón Ólafsson bendir á að ímyndi Íslands hafi beðið hnekkni síðustu árin og vísar þar til afleits viðskiptasiðferðis og græðgi. „Ljósíð í myrkrinu er tónlistin. Gróskan í íslensku tónlistarlífi er með eindæmum og það eru tónlistarmennirnir okkar sem hafa verið duglegastir við að lappa upp á ásynð Íslands. Þeir eru okkar bestu sendiherrarnir. Hingað flykkjast útlendingarnir og fylla tónleikasali og önnur hús; lofsyngja músikina, kaupa sér mat og drykk, lopapeysur og lunda og fleira.

Þvílík efnahagsleg innspýting!“ segir Jón Ólafsson, tónlistarmaður.

Landkynning og gjaldeyris

Fleiri taka í svipaðan streng. Grímur Atlason, framkvæmdastjóri Airwaves hátíðarinnar sem haldin var um síðustu helgi er ómyrkur í máli: „Við Íslendingar hömpum listamönnum ekki sist tónlistarmönnum fyrir árangur þeirra á erlendri grundu. Við tökum glöð við gjöfunum sem þeir færa okkur í formi þroska, gleði, ferðamanna, landkynningar og gjaldeyris. En okkur virðist svona upp til hópa slétt sama um hvort þeir hafi til hnífs eða skeiðar eða hvort aðbúnaður þeim til handa sé boðlegur,“ segir Grímur Atlason og beinir tali sínu að stjórnmalamönnum: Ónefndir bæjarstjórnar og þingmenn fá jafnvel plús í kladdann hjá sumum fyrir að vilja afleggja listamannalaun og helst að leggja niður t.d. sínfóniuna. Þeir fá alveg sérstakt lof í sínum kreðsum þegar þeir hnýta aftan við ræður sínar: „Hvort viltu 14 fiðluleikara á launum eða bjarga



Arna K. Einarsdóttir, framkvæmdastjóri Sínfónliuhljómsveitarinnar.



Grímur Atlason, framkvæmdastjóri Airwaves.

2 mannslífum? “ Þetta segir Grímur að sé algjörlega galið, en sé því miður veruleiki samfélagsmæðunna.

Laun tónlistarkennara óboðleg

„Tónlistarkennarar eru í verkfalli. Laun þeirra eru ekki boðleg en samfélagið, sem þiggur gjafirnar, er ekki mikið að velja því fyrir sér. Hefur ekki áhrif á flugið þeirra í verslunarferðina til London eða biðlistann á slýsó. En til framtíðar getur þetta þýtt fábreytt samfélag og gleðisnautt. Við getum ekki alltaf bara staðið upp fyrir stéttirnar hvers verkföll snerta okkur hér og nú. Það er mikilvægt að halda úti öflugu tónlistarskólasterfi. Það skilar okkur menningu og betri búsetuskilyrðum. Það skilar okkur líka alveg helling af peningum sem því miður virðist vera það eina sem vekur áhuga fjöldans. En við skulum fyrst og fremst hafa þetta í huga: Sjálfsmynd samfélaga koðnar niður þegar menningin hverfur,“ segir Grímur.

Klukkan tifar

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á miðvikudag bókun sem fræðsluráð bæjarsins hafði áður samþykkt þar sem lýst er áhyggjum af stöðu kjarasamningsviðræðna við tónlistarkennara og áhrifum þess á tónlistarnám í bæjarfélaginu. „Tekið er undir mikilvægi þess að tónlistarkennarar njóti kjara í samræmi við menntun þeirra og hliðstæðar starfsstéttir. Áhersla sé lögð á að í samningum við tónlistarkennara verði leitast við að mismunandi sérstaða, þarfir og kennsluhættir tónlistarnáms sveitarfélaganna fái notið sín.“

Sú spurning vaknar hvers vegna ekki er hægt að semja, ef stór sveitarfélög eða fyrirsvarsmenn þeirra kalla eftir samningum, en það eru jú sveitarfélögin sem mynda Samband sveitarfélaganna.

„Þú veltir fyrir þér hvernig það megir vera, að þegar svo mörg sveitarfélög og/eða stofnanir og kjörnir fulltrúar þeirra taka heilshugar undir okkar sanngjörnu kröfur um launa-leiðréttingu og að það sé eðlileg og réttmæt krafa að við séum á sömu launum og aðrir kennarar, eins og við vorum fyrir efnahagshrunið, hvers vegna svo illa gangi að semja,“ segir Sigrún Gren-



Sigrún Grenadal.

arskólakennara í skriflegu svari við fyrirspurn blaðsins.

„Við veltum þessari spurningu líka fyrir okkur og þegar það eru meira en ellefu mánuðir síðan viðræðuáætlun var undirrituð milli aðila þá getum við ekki annað en túlkað það sem svo að þeir sem semja við okkur hafi ekki umboð til að semja við okkur á sömu nótum og aðra kennara, að nú eigi að undanskilja okkur meginsamningsmarkmiði Sambands íslenskra sveitarfélaga um jafnrétti í launasetningu, bætur hún við.

Það undirstriki þetta að á öllum þessum tíma, síðast á mánudag, hafi tónlistarkennurum verið „stíllt upp andspænis kröfum sem við getum ekki orðið við og öllum okkar hugmyndum hefur verið ýtt út af borðinu. Ef samningsborðið væri taflborð þá er viðhöfð ákveðin þráskák og slíkt myndu skákmenn varla leyfa sér í tafl ef notuð væri klukka. Við erum hins vegar í verkfalli og því getur það þjónað öðrum markmiðum sveitarfélaga að stilla okkur aftur og aftur upp með þeim kröfum sem þeir vita að við getum ekki orðið við, meðan klukkan tifar.“

EKKI náðist í Ingu Rún Ólafsdóttur, sviðsstjóra kjarasviðs Sambands sveitarfélaga, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.



Inga Rún Ólafsdóttir.



„Ljósíð í myrkrinu er tónlistin,“ segir Jón Ólafsson.



Tónlistarkennarar hafa fjölmennt á fund bæjarstjórna á höfuðborgarsvæðinu. Stór hópur sat bæjarstjórnarfund í Hafnarfirði í vikunni en þeir fóru einnig í Kópavog þar sem þessi mynd var tekin.

Mikil efnahagsleg áhrif

Ágúst Einarsson, prófessor og hagræðingur, vann ítarlega skýrslu um hagræn áhrif tónlistar á íslenskt samfélag fyrir fáum misserum. Hann hefur bent á að tónlist velti milljörðum króna á ári hverju og veiti þúsundum vinnu. Menningin sé drjúgur hluti af landsframleiðslunni, um 4 prósent af heildinni. Tónlistin skipti þar miklu máli. Menningin vegi meira í landsframleiðslunni en öll veitustarfsemi og „þrefalt meira en landbúnaður annars vegar og ál- og kísiljárnframleiðsla hins vegar.“

Besta gjöfin

„Tónlistarnám er einhver besta gjöf sem hægt er að gefa barni og ætti að vera aðgengileg öllum grunnskólabörnum. Það er deginum ljósara að tónlistarlífið í dag byggir á þeim grunni sem tónlistarkennarar hafa lagt í gegnum tíðina.“ sagði Arna K. Einarsdóttir í viðtali við Reykjavík vikublað á dögunum, þegar hún var spurð um verkfall tónlistarkennar og hvort starf þeirra væri vanmetið. Hún benti- á að í samspili læri nemendur að hlusta á hvern annan og vinna að sameiginlegu markmiði. Segir hún að hægt sé að nota tónlistarnám til að umbylta samfélögum líkt og í Venesúla þar sem gerð var tónlistarkennslu- bylting fyrir um 40 árum sem borið hefur af sér fjölda framúrskarandi ungsveita og fætt af sér stórstjórnur í hinum klassíska heimi og þannig

„Tónlist og tónlistarnám hefur margvísleg jákvæð áhrif. Þannig hafa áhrif tónlistarnáms á ýmsa þætti hjá ungmennum, eins og einkunnir, reykingar, áfengisneyslu og hassneyslu, verið rannsökuð. Þessar rannsóknir hafa leitt í ljós að þeir sem stunda tónlistarnám reykja miklu síður en aðrir [...] Grunnskólanemar sem stunda tónlistarnám reykja 60% minna en aðrir [...] Ungmennir sem stunda tónlistarnám drekka 40% minna en önnur ungmenni.“



Einar Ágústsson.

- Einar Ágústsson, *Hagræn áhrif tónlistar, Háskólinn á Bifröst, 2012, bls. 73*

gjörbreytt ímynd landsins. Stundum er talað um að það vanti samhljóm í íslenskt samfélag eftir hrunið og að mati Örnú væri það stórkostlegt ef hægt væri að kenna öllum börnum að spila saman í hljómsveit. „Ég er sannfærð um að það myndi færa þjóðinni meiri samvinnu, bæta hlustun, auka aga og tillitsemi og ýta undir betri samhljóm í samfélaginu. Fyrst Venesúela gat gert þetta ættum við að geta þetta líka. Þetta er auðvitað bara spurning um ákveðna hugmyndafræði og forgangsröðun.“